

## Úthlutunarreglur fyrir leigulönd í Dalvíkurbyggð

### 1. gr.

Umhverfis- og dreifbýlisráð gerir tillögu til sveitarstjórnar um úthlutun Á leigulöndum, samkvæmt þessum reglum.

### 2. gr.

Öll leigulönd skulu auglýst laus til umsóknar áður en þeim er úthlutað, sjá þó gr. 3.4. Umsóknarfrestur vegna leigulanda skal ekki vera skemmri en tvær vikur. Þau skulu auglýst laus til umsóknar á vefsíðu sveitarfélagsins. Komi engin umsókn um land innan tiltekins umsóknarfrests telst landið laust til umsóknar án frekari auglýsinga enda sé landið á lista yfir lausar lendur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Falli land aftur til sveitarfélagsins eftir úthlutun skal birta það að nýju á lista yfir lausar lendur á heimasíðu sveitarfélagsins sbr. 1. mgr.

### 3. gr.

Við úthlutun á landi skal beita eftirfarandi reglum. Þó er heimilt er að taka tillit til sérstakra aðstæðna umsækjenda, enda séu þær rökstuddar.

#### 3.0d. Almennar reglur

Sé ekki annað tekið fram í þessum reglum, telst umsókn aðeins gild ef:

- umsækjandi er fjárráða
- umsækjandi er skuldlaus við sveitarsjóð eða hefur samið um greiðslur og þær séu í skilum

3.0.1 Greiði leigjandi ekki staðfestingargjald bundið leigu landsins innan tilskilins tíma skv. gjaldskrá fellur landið aftur til sveitarfélagsins, án sérstakrar tilkynningar.

3.0.2 Leigjanda er óheimilt að afhenda landið sem hann hefur fengið úthlutað til þriðja aðila.

3.0.3 Ef fleiri en ein umsókn berst um sama land skal draga um landið. Útdráttur fer fram á fundi sem umhverfis-og dreifbýlisráð boðar til. Við útdrátt skal notaður venjulegur spilastokkur. Dregur hver aðili eitt spil úr 52 spila stokki og hlýtur sá landið sem hæst spilið dregur. Í því samhengi telst ás hæsta spil, spaði hærri en hjarta sem er herra en tígull og lauf lægst. Umsækjendum skal boðið að draga, en ef þeir ekki mæta dregur fulltrúi í umhverfi-og dreifbýlisráðs fyrir þeirra hönd.

#### 3.0.4 Ræktunarlönd

Gert er ráð fyrir að bændur hafi forgang til leigu á ræktunarlöndum í eigu sveitarfélagsins.

#### 3.0.5 beitolönd

Umsækjendur um beitolönd skulu hafa gilt búfjárleyfi í Dalvíkurbyggð.

#### 3.4. Annað

Umhverfis- og dreifbýlisráði er í sérstökum tilvikum heimilt að veita vilyrði fyrir lendum án undangenginna auglýsinga, þegar sótt er um land sem ekki hefur verið auglýst til úthlutunar.

Endanleg úthlutun getur þó ekki farið fram fyrir en að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt á 8. fundi umhverfis- og dreifbýlisráðs Dalvíkurbyggðar þann 31. mars 2023.

Samþykkt á 358. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 25. apríl 2023.